

Fundargerð 107. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 3. nóvember 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

- 1. Endurskoðun byggðaaætlunar**
- 2. Önnur mál**

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Bjarki Pétursson (ATRN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Gestir: Jóhanna Sigurjónsdóttir (IRN) og Atli Viðar Thorstensen (FOR).

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Sigríður Eysteinsdóttir (UTN) og Sigurður Steingrímsson (MNH).

Formaður setti fundinn. Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár bauð formaður gesti fundarins velkomna á fundinn, en í fundarboði voru meðlimir stýrihópsins hvattir til þess að bjóða samstarfsfólki innan sinna ráðuneyta sem mögulega koma að endurskoðun byggðaaætlunar á fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Endurskoðun byggðaaætlunar

Fundur dagsins var helgaður endurskoðun byggðaaætlunar. Við endurskoðun byggðaaætlunar er víðtækt samráð við öll ráðuneyti í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, Samband íslenskra sveitarfélaga, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Nú stendur yfir undirbúningur við ritun grænbókar (stöðumats) og gafst almenningi tækifæri til þátttöku við gerð grænbókar með því að koma með tillögur í gegnum rafrænt samráð á vef Byggðastofnunar á tímabilinu 29. ágúst - 31. október. Áætlað er að stöðumatið verði sett fram í samráðsgátt stjórnvalda eigi síðar en í desember 2025 og aftur verður boðið upp á rafrænt samráð á vef Byggðastofnunar þegar vinna hefst við gerð þingsályktunartillögu (hvítbókar). Formaður stýrði umræðum þar sem farið var yfir kosti og galla gildandi byggðaaætlunar, áskoranir, hvar tækifærin liggja og hver lykilviðfangsefni nýrrar byggðaaætlunar ættu að vera. Formaður stýrihópsins ásamt áheyrnarfulltrúa Byggðastofnunar munu stýra ritun grænbókar.

2. Önnur mál

Annað var ekki rætt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.